

Tillaga um að mótuð verði nýsköpunar- og snjallborgarstefnu Reykjavíkur sem mun snerta alla starfsemi hennar með sérstaka áherslu á aukna skilvirkni, að styðja við áskoranir í loftslags og samgöngumálum, að styðja við nýsköpun og samfélagslega nýsköpun í Reykjavík, og að virkja enn frekar þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegu rannsóknar og nýsköpunarsamstarfi.

Mannréttinda- og lýðræðisráð samþykkir að móta nýsköpunar- og snjallborgarstefnu Reykjavíkur sem ætlað er fyrir tilstilli tæknilausna að auka skilvirkni í allri starfsemi borgarinnar, styðja áform hennar og markmið í loftslags og samgöngumálum, styðja við nýsköpun og samfélagslega nýsköpun í borginni, og að efla enn frekar þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegu rannsókna og nýsköpunarsamstarfi.

Stofnaður verði stýrihópur sem ætlað er að móta og skilgreina stefnu Reykjavíkur í snjallborgarmálum og að tryggja nýsköpunar- og snjallborgarverkefnum framgang í stefnumótun og starfsemi Reykjavíkur. Hópnum er ætlað að móta nánar forgangsröðun snjallborgarverkefna í samræmi við þær áherslur er hér hafa verið taldar upp og leggja til sérstök áherslusvið Reykjavíkur sem snjallborgar. Stýrihópnum er sömuleiðis ætlað að gera grein fyrir æskilegum kerfisbreytingum og uppfærslu innviða til að styðja framgang stefnunnar, þar með talið hugsanlegar fjármögnunarleiðir og tækifæri til samvinnu hins opinbera, atvinnulífs og vísindasamfélags. Hópurinn byggir á þeirri reynslu og vinnu sem þegar hefur verið unnin innan borgarinnar og skili hugmyndum, sviðsmyndum og/eða tillögum til mannréttinda- og lýðræðisráðs.

Greinargerð:

Í meirihlutasáttmála Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna er kveðið á um að Reykjavík leggi áherslu á umhverfis, skipulags og samgöngumál og að hún skuli vera eftirsótt og aðlaðandi borg þar sem fjölbreytt atvinnulíf, nýsköpun, skapandi greinar og sprotafyrirtæki eiga að blómstra og að Reykjavík skuli hvetja til atvinnu og verðmætasköpunar. Nýsköpunar- og snjallborgarstefna sameinar þessar áherslur í áætlunum, mælanlegum markmiðum, markvissum aðgerðum og skilgreindum ávinningi.

Snjallborg (SMART City) er hugtak sem varðar að borgir tileinki sér stafrænar hátæknilausnir til að auka skilvirkni í rekstri, betrubæta stjórnsýslu, styðja við ákvarðanatöku og auka gæði í umhverfi og þjónustu við borgara og hagsmunaaðila, og þar með lífsgæði borgara almennt. Einnig að stafrænar hátæknilausnir liggi til grundvallar og stuðli að hvers kyns nýsköpun í borgarrekstri. Í hugtakinu felst líka nán samvinna við hagsmunaaðila, oft skilgreint sem fjórfeldi hins opinbera, atvinnulífs, vísindasamfélags og borgara. Í verkefnum sínum leggur snjallborg áherslu á náð samstarf við frumkvöðla, háskólastofnanir, framsýn fyrirtæki og aðrar borgir.

Helstu nágrannaborgir Reykjavíkur hafa mótað sína snjallborgarstefnu og hafa leitast við að framfylgja henni t.d. með þátttöku í alþjóðlegu rannsókna og þróunarsamstarfi og með virkri þátttöku í ýmsum samtökum, m.a. Nordic Smart Cities Network, þar sem snjallborgarþróun er ofarlega á baugi. Margar borgir hafa náð miklum árangri, ekki síst fyrir tilstuðlan styrkveitinga frá ESB sem veitir milljörðum evra til þróunar snjallborga þar sem margar samfélagslegar áskoranir skarast í snjallborgarhugtakinu t.d. orkuskipti, umhverfismál, sjálfbærar samgöngur, loftgæði, lýðheilsa, stafræn stjórnsýsla, nýsköpun almennt og

samfélagsleg nýsköpun sérstaklega. Nýsköpunar- og snjallborgarstefna grundvallast á öflun, vinnslu og greiningu gagna og upplýsinga sem aflað er fyrir tilstilli stafrænnar hátækni. Þannig mun slík stefna snerta alla starfsemi Reykjavíkur og opna möguleika til aukins árangurs í rekstri og þjónustu borgarinnar, í auknum atvinnutækifærum og bættri upplifun og lífsgæðum borgara.

Undanfarin ár hefur skrifstofa þjónustu og reksturs haldið utan um snjallborgarverkefni Reykjavíkurborgar eftir að tillögur Smart City starfshóps voru samþykktar á borgarráðsfundi 10. mars 2016 (liður 24). Í september sama ár hófst svo verkefnið og að tveimur árum liðnum hefur m.a. eftirfarandi verkefnum og verklagi verið komið á:

- Snjallborgin er nýsköpunar- og þróunargátt Reykjavíkurborgar fyrir frumkvöðla, háskólanema, framsýn fyrirtæki og borgarstarfsmenn. Snjallborgin eflir þannig þverfaglegt samstarf við hagsmunaaðila, innan sem utan borgar. Innan Snjallborgarinnar hefur myndast mikil þekking á nýsköpunarverkefnum þvert á kerfið sem hefur haft í för með sér aukin samlegðaráhrif á milli sviða og deilda borgarinnar. Vinna er hafin, í samvinnu við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, við að kortleggja alla nýsköpun og þróun sem á sér stað innan borgarinnar.
- Með stofnun Snjallborgarinnar var verið að svara nokkuð knýjandi eftirspurn og í dag fá frumkvöðlar meiri áheyrn og betri aðgang að borginni en áður var. Auk þess leita svið og deildir borgarinnar í auknum mæli til snjallborgarinnar varðandi ýmis þróunarverkefni. Hér er aðeins um fyrsta skrefið að ræða í heildrænu umbótaferli sem krefst umtalsverðrar vinnu. Í þessu ljósi er er brýnt að móta stefnu borgarinnar og skilgreina og árangursmælingar í samvinnu við hinar mismunandi einingar borgarinnar, þannig að nýsköpun og þróun fái vægi og stuðning í daglegum rekstri.
- Eitt stærsta verkefni snjallborgarinnar snýr að snjallvæðingu ljósastaura. Í þeirri miklu uppbyggingu sem á sér stað innan borgarinnar í dag er mjög mikilvægt að fara ekki á mis við tækifærin. Snjallborgin hefur lagt áherslu á að við nýframkvæmdir og í endurnýjunarverkefnum þar sem grafið er við ljósastaura og biðskýli, að lagðar séu blásturspípur/rör fyrir ljósleiðara til þess að geta mætt mögulegum framtíðarþörfum eins og 5G og gagnaflytningi sjálfkeyrandi farartækja og greiða almennt fyrir gagnaflytningum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur sérstaklega lýst yfir stuðningi sínum við þessa nálgun.
- Fyrir tilstuðlan snjallborgarinnar eru að verða til þrjár lifandi tilraunastofur í borgarlandinu (urban living labs) fyrir m.a. skynjara, fjarskiptabúnað og LED væðingu. Tilraunastarfsemi er þegar hafin í Klambratúni með frumkvöðlafyrirtækinu Farsýn.
- Af öðrum verkefnum snjallborgarinnar sem þegar eru í gangi má nefna innleiðingu á nýjum hljóðvistarmælum, sorptunnum og hjólastæðum sem veita upplýsingar í rauntíma um stöðuna. Ljóst er að aukin notkun þessarar tækni hefur möguleika til að breyta miklu hvað varðar gæði þjónustu, svartíma og fleira.
- Snjallborgin leiðir samskipti Reykjavíkurborgar við eftirtalin alþjóðleg samtök sem styðja vel við stefnumál borgarinnar; Nordic Smart Cities Network, Climate-KIC, LUCI Association og TASC.
- Þátttaka í alþjóðlegu rannsóknar og þróunarsamstarfi á þessu tímabili telur á þriðja tug verkefna og hefur skrifstofa þjónustu og reksturs fengið tugi milljóna til rannsókna og nýsköpunar á snjallborgarlausnum, m.a. frá ESB, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Nordic

Innovation. Á sama tíma hefur a.m.k. eitt reykvískt hátæknifyrirtæki fengið tugi milljóna til þróunar snjalllausna sem þróaðar verða í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Undanfarin rúmlega tvö ár hafa þannig verið stigin nokkur stór skref hvað varðar nýsköpun og rannsóknir og lagður hefur verið grunnur að því sem kalla má „snjallkenni“ Reykjavíkur. Á þessum tímapunkti er því nauðsynlegt að fanga og skilgreina áherslur borgarinnar til næstu ára er varðar nýsköpun og snjallborgaráherslur.